

Laun á almennum vinnumarkaði 2010

Earnings in the private sector 2010

Samantekt Regluleg laun á almennum vinnumarkaði voru 348 þúsund krónur að meðaltali árið 2010. Miðgildi reglulegra launa var 294 þúsund krónur og því var helmingur launamanna með laun undir þeirri upphæð. Algengast var að regluleg laun væru á bilinu 175–225 þúsund krónur og var rúmlega fimmtungur launamanna með laun á því bili.

Ef eingöngu eru skoðaðir fullvinnandi launamenn voru regluleg laun þeirra 381 þúsund krónur á mánuði að meðaltali og var miðgildi þeirra 321 þúsund krónur. Regluleg heildarlaun voru 409 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið var 363 þúsund krónur. Heildarlaun voru 438 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 391 þúsund krónur. Greiddar stundir voru að meðaltali 43,2 á viku.

Árið 2010 voru regluleg laun fullvinnandi launamanna í hæsta fjórðungi launadreifingar 3,1 sinnum hærra en regluleg laun launamanna í lægsta fjórðungi. Fjórðungastuðull heildarlauna var 2,7 og lækkar frá fyrra ári, en þá var hann 2,8. Árið 2008 var hann 3,3. Þetta gefur vísbendingu um að dreifing launa á almennum vinnumarkaði sé enn að minnka.

Í þessu Hagtíðindahefti má meðal annars finna ítarlega umfjöllun um laun, vinnutíma og launadreifingu eftir starfsstéttum, atvinnugreinum og kyni. Þá er einnig gerð grein fyrir samsetningu gagnasafnsins sem niðurstöðurnar byggja á.

Laun á almennum vinnumarkaði

Lýsing á launastigi Laun á almennum vinnumarkaði eru meðallaun í ákveðnum atvinnugreinum, starfsstéttum og störfum og byggja niðurstöður á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands sem nær til tæplega 30 þúsund launamanna á almennum vinnumarkaði. Laun á almennum vinnumarkaði lýsa ekki launaþróun miðað við fasta samsetningu líkt og vísitala launa, heldur launastigi í krónum miðað við samsetningu vinnumarkaðarins hverju sinni.

Regluleg laun Regluleg laun eru laun fyrir umsaminn vinnutíma á mánuði, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru reiknuð bæði fyrir fullvinnandi launamenn og starfsfólk í hlutastarfi. Laun einstaklinga í hlutastarfi eru umreiknuð í fullt starf. Regluleg laun á almennum vinnumarkaði voru að meðaltali 348 þúsund krónur árið 2010, 381 þúsund krónur hjá fullvinnandi launamönnum og 260 þúsund krónur hjá fólki í hlutastarfi.


Regluleg laun karla voru 374 þúsund krónur að meðaltali, 398 þúsund krónur hjá fullvinnandi körlum og 270 þúsund hjá körlum í hlutastarfi. Regluleg laun kvenna voru 309 þúsund krónur að meðaltali, 346 þúsund hjá fullvinnandi konum og 252



þúsund hjá konum í hlutastarfi. Á mynd 1 má sjá meðaltal og miðgildi reglulegra launa karla og kvenna, bæði þeirra sem voru í hlutastarfi og þeirra sem voru fullvinnandi árið 2010.

Mynd 1. Regluleg laun eftir vinnutíma

Figure 1. Regular salaries by working hours




Dreifing reglulegra launa er minni hjá hlutastarfsfólki.

Eins og áður sagði eru regluleg laun starfsfólks í hlutastarfi umreiknuð í fullt starf. Laun fullvinnandi launamanna eru mun dreifðari en laun hlutastarfsfólks. Á mynd 2 má sjá að rúmlega 70% starfsfólks í hlutastarfi voru með regluleg laun undir 275 þúsundum en það sama gildi um þriðjung fullvinnandi launamanna.

Mynd 2. Dreifing reglulegra launa eftir vinnutíma

Figure 2. Distribution of regular salaries by working hours



Regluleg heildarlaun


Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum greiðslum vegna tilfallandi yfirvinnu og fyrirframgreiddrar uppmælingar. Regluleg heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Eins og sést á mynd 3 voru regluleg heildarlaun 409 þúsund krónur að meðaltali árið 2010, 435 þúsund krónur hjá körlum og 355 þúsund krónur hjá konum.

Heildarlaun Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættum ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili að frátöldum akstursgreiðslum og hlunnindum. Dæmi um slíkar greiðslur eru desemberuppbót, frammistöðutengdar greiðslur, ákvæðisgreiðslur og eingreiðslur. Heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Heildarlaun voru 438 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010, 469 þúsund krónur hjá körlum og 376 þúsund krónur hjá konum.

Meðaltal hærra en miðgildi Eins og sjá má á mynd 3 er miðgildi allra launahugtaka lægra en meðaltal þeirra. Það má meðal annars skýra með því að kjarasamningar tryggja ákveðin lágmarkskjör en þeir kveða ekki á um hámarkskjör. Því eru fleiri útgildi til hækkunar meðaltals en lækkunar.

Mynd 3. Meðaltal og miðgildi launa fullvinnandi launamanna

Figure 3. Mean and median earnings for full-time employees




Greiddar stundir Greiddar stundir er samanlagður fjöldi greiddra stunda á viku í fullu starfi hvort heldur sem er í dag-, vakta- eða yfirvinnu. Greiddar stundir voru 43,2 að meðaltali árið 2010 hjá fullvinnandi launamönnum, 44,1 hjá körlum og 41,4 hjá konum.

71% launamanna eru með regluleg laun á bilinu 175–425 þúsund krónur

Á mynd 4 á næstu síðu má sjá dreifingu reglulegra launa, reglulegra heildarlauna og heildarlauna hjá fullvinnandi launamönnum árið 2010. Þar má sjá að flestir launamenn eru með regluleg laun á bilinu 175–425 þúsund krónur, eða 71%. Þungi reglulegra heildarlauna og heildarlauna liggur þó heldur ofar, eða á bilinu 225–475 þúsund krónur. Þannig eru 67% með regluleg heildarlaun á því bili og 64% eru með heildarlaun á sama bili.

Mynd 4. Dreifing launa hjá fullvinnandi launamönnum

Figure 4. Distribution of earnings for full-time employees



Hlutfall undir meðaltali

Hagstofan birtir upplýsingar í veftöflum á vef sínum um meðaltal, miðgildi, neðri og efri fjórðungsmörk launa. Þá eru gefnar upplýsingar um hlutfall launamanna undir meðaltali og fjórðungastuðul. Mynd 3 hér á undan sýnir að meðaltal launa er alltaf hærra en miðgildi þeirra og mynd 4 sýnir að dreifing launa er skekkt til hægri. Ef meðaltal og miðgildi launa væri það sama væri helmingur launamanna með laun undir meðaltali og helmingur með laun yfir meðaltali. Árið 2010 voru 63% fullvinnandi launamanna með heildarlaun undir meðaltali, árið 2009 var samsvarandi hlutfall 64% en árið 2008 var það 66%.

Fjórðungastuðull

Fjórðungastuðull byggir á hlutfalli á milli veginnar launasummu þeirra sem tilheyra efsta fjórðungi launastigans og þeirra sem tilheyra neðsta fjórðungi. Í töflu 1 má sjá að vegin launasumma heildarlauna fullvinnandi launamanna á almennum vinnu- markaði sem tilheyrðu efsta fjórðungi var 2,7 sinnum hærri en vegin launasumma þeirra sem tilheyrðu neðsta fjórðungi árið 2010. Samsvarandi fjórðungastuðull fyrir árið 2009 var 2,8 og 3,3 fyrir árið 2008.

Tafla 1. Fjórðungastuðull fullvinnandi launamanna

Table 1. Quartile share ratio for full-time employees

Ár Year	Regluleg laun Regular salaries	Regluleg heildarlaun Total regular salaries	Heildarlaun Total salaries
2005	3,2	2,6	3,0
2006	3,3	2,7	3,1
2007	3,4	2,7	3,2
2008	3,4	2,7	3,3
2009	3,2	2,7	2,8
2010	3,1	2,6	2,7

Laun hækka frá fyrra ári

Þrátt fyrir að gagnasafninu, sem laun á almennum vinnumarkaði byggja á, sé ekki haldið föstu á milli ára má draga almennar ályktanir um breytingar á milli ára. Þannig hafa regluleg laun hækkað um 4% á almennum vinnumarkaði á milli ára. Sama gildir um fullvinnandi launamenn en regluleg heildarlaun þeirra hafa hækkað um 5% og heildarlaun um 4%. Heildarfjöldi greiddra stunda jókst lítillega. Umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins er að finna á blaðsíðu 23.

Breytingar á gagnasafninu

Á milli áráanna 2008 og 2009 urðu miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði sem endurspegluðust í gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands. Gerð var stuttlega grein fyrir þeim breytingum á síðastliðnu ári í Hagtíðindum um laun á almennum vinnumarkaði 2009¹. Á milli áráanna 2009 og 2010 hefur vinnumarkaðurinn verið stöðugri og því eru breytingar á gagnasafninu sem rekja má til breyttrar samsetningar á vinnumarkaði óverulegar.

Laun fullvinnandi á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt

Meðaltal reglulegra launa stjórnenda var 713 þúsund krónur og verkafólks 255 þúsund krónur


Árið 2010 voru stjórnendur með hæst laun allra starfsstétta. Regluleg laun þeirra voru 713 þúsund krónur að meðaltali á mánuði, regluleg heildarlaun 721 þúsund krónur og heildarlaun 772 þúsund krónur. Laun voru að jafnaði lægst hjá verkafólki, en regluleg laun þeirra voru 255 þúsund krónur að meðaltali, regluleg heildarlaun voru 313 þúsund krónur og heildarlaun 342 þúsund krónur. Greiddar stundir voru flestar hjá verkafólki eða 46,3 stundir að meðaltali á viku en færstar hjá stjórnendum og sérfræðingum 39,8. Hafa ber í huga að fastlaunasamningar eru algengir hjá stjórnendum og sérfræðingum en í slíkum samningum felst meðal annars að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Þetta hefur í för með sér að raunverulegur vinnutími er ekki skráður og því geta vinnustundir verið vanmetnar hjá þessum hópi.

Yfirvinna mest hjá verkafólki og iðnaðarmönnum

Á mynd 5 má sjá laun eftir starfsstétt árin 2009 og 2010. Súluinni er skipt í þrennt. Neðsti hlutinn sýnir regluleg laun og næsti hluti sýnir þá upphæð sem bætist við í reglulegum heildarlaunum. Efsti hlutinn sýnir svo þann hluta sem bætist ofan á regluleg heildarlaun til að fá heildarlaun. Þannig sýnir súlan í heild sinni skiptingu heildarlauna í starfsstéttinni. Þar má sjá að munur á reglulegum launum og reglulegum heildarlaunum var mestur hjá iðnaðarmönnum og verkafólki árið 2010. Þessi munur felst fyrst og fremst í fjölda greiddra yfirvinnustunda.

Mynd 5. Laun fullvinnandi launamanna eftir starfsstétt

Figure 5. Earnings by occupational group for full-time employees



Skýringar Notes: Alls Total; (1) Stjórnendur Managers; (2) Sérfræðingar Professionals; (3) Tæknar og sérmenntað starfsfólk Technicians and associate professionals; (4) Skrifstofufólk Clerks; (5) Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk Service workers and shop and market sales; (IÐN) Iðnaðarmenn Craft workers; (VERK) Verkafólk General, machine and specialised workers.


¹ <http://www.hagstofa.is/Utgafor/Utgafor-efrir-efni/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur>.

- Óreglulegar greiðslur aukast að nýju hjá iðnaðarmönnum* Þegar regluleg heildarlaun og heildarlaun eru borin saman á mynd 5 hér að framan sést að munurinn er mestur hjá stjórnendum og iðnaðarmönnum. Munurinn á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum getur legið í ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, svo sem frammistöðutengdra greiðslna, hlutdeildar í hagnaði fyrirtækja og uppgjörs á uppmælingum. Þessar greiðslur halda áfram að dragast saman frá fyrra ári, sérstaklega hjá stjórnendum og sérfræðingum. Þó eykst hlutfall þessara greiðslna lítillega á ný hjá iðnaðarmönnum eftir nokkurn samdrátt á árinu 2009. Þetta bendir til þess að hlutfall uppmælinga í launum þeirra sé að aukast að nýju.
- Greiddar stundir standa í stað* Eins og áður hefur komið fram er launum á almennum vinnumarkaði ekki ætlað að lýsa breytingum á launum miðað við fasta samsetningu úrtaksins en þó geta niðurstöður gefið ákveðnar vísbendingar um breytingar á launum og vinnutíma. Á milli árana 2009 og 2010 stóðu greiddar stundir nánast í stað, en nokkur samdráttur varð á milli árana 2008 og 2009.
- Laun hækka hjá öllum starfsstéttum* Regluleg laun allra starfsstétta hækkuðu um 3–8% frá fyrra ári. Mest hækkuðu laun hjá afgreiðslufólki en minnst hjá tæknum. Heildarlaun hækkuðu á bilinu 2–7%, minnst hjá sérfræðingum en mest hjá verkafólki og afgreiðslufólki.
- Regluleg laun stjórnenda* Regluleg laun stjórnenda voru 713 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010 og var miðgildi þeirra 653 þúsund krónur. Þegar algengustu laun karla og kvenna eru skoðuð má sjá að rúmlega 10% karla voru með hærri regluleg laun en 1.175 þúsund krónur og var það stærsti hópur karla á ákveðnu launabili. Hins vegar var algengast að regluleg laun kvenna væru á bilinu 275–325 þúsund krónur og voru 13% kvenna í stjórnendastöðu með laun á því bili.
- Meðaltal reglulegra launa karla í hópi stjórnenda var 748 þúsund krónur og miðgildi þeirra 677 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í hópi stjórnenda voru að meðaltali 610 þúsund krónur og miðgildi þeirra 576 þúsund krónur.
- Við samanburð á dreifingu launa árið 2010 kemur í ljós að dreifing reglulegra launa stjórnenda var töluvert meiri en dreifing launa annarra starfsstétta. Þannig má sjá í töflu 2 á blaðsíðu 15 að fjórðungastuðull reglulegra launa stjórnenda var 3,1 en næst á eftir komu tæknar með fjórðungastuðulinn 2,3. Skýrist þessi mikla dreifing meðal annars af uppbyggingu starfaflokkunarkerfisins ÍSTARF95, sem starfsstéttir byggja á, en í hópi stjórnenda má bæði finna æðstu stjórnendur fyrirtækja og yfirmenn deilda.

Mynd 6 sýnir dreifingu reglulegra launa stjórnenda árið 2010. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni en línurnar sýna dreifingu launa karla annars vegar og kvenna hins vegar. Lóðréttu línurnar sýna meðaltal og miðgildi allra, óháð kyni.

Mynd 6. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi stjórnenda

Figure 6. Distribution of full-time managers' regular salaries




Heildarlaun stjórnenda

Meðaltal heildarlauna hjá stjórnendum árið 2010 var 772 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 693 þúsund krónur. Hlutfallslega hefur fækkað í hópi stjórnenda sem eru með hærri heildarlaun en 1.175 þúsund á mánuði. Árið 2009 voru 16% karlkyns stjórnenda með heildarlaun yfir 1.175 þúsund á mánuði en árið 2010 var samsvarandi hlutfall komið niður í 13%. Hlutfall kvenna með heildarlaun yfir 1.175 þúsund krónur hækkaði hins vegar úr 3% í 5%. Þá má sjá að jafnt hlutfall karla og kvenna er með laun á bilinu 575–625 þúsund krónur eða rúmlega 10% í hvorum hópi.

Heildarlaun karlkyns stjórnenda voru 817 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 736 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna kvenna var 641 þúsund krónur og miðgildi 586 þúsund krónur. Greiddar stundir stjórnenda voru 39,8 stundir að meðaltali á viku, 39,9 stundir hjá körlum og 39,4 hjá konum. Hafa ber í huga að margir stjórnendur eru með fastlaunasamninga en í slíkum samningum felst meðal annars að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Þetta hefur í för með sér að raunverulegur vinnutími er ekki skráður og því geta vinnustundir verið vanmetnar hjá þessum hópi.

Mynd 7. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi stjórnenda

Figure 7. Distribution of full-time managers' total salaries




Regluleg laun sérfræðinga

Regluleg laun sérfræðinga voru 581 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010 og miðgildi 551 þúsund krónur. Á mynd 8 má sjá að ríflega helmingur sérfræðinga, bæði karla og kvenna, voru með regluleg laun á bilinu 425–625 þúsund krónur.

Karlur í hópi sérfræðinga voru með 609 þúsund krónur í regluleg laun að meðaltali og miðgildi var 583 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa kvenna var 535 þúsund krónur og miðgildi 504 þúsund krónur.

Mynd 8. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi sérfræðinga

Figure 8. Distribution of full-time professionals' regular salaries




Heildarlaun sérfræðinga

Árið 2010 voru heildarlaun sérfræðinga 619 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 589 þúsund krónur. Dreifing heildarlauna sérfræðinga var nokkuð flöt eins og sjá má á mynd 9 á næstu síðu. Þannig voru rúmlega 10% sérfræðinga með heildarlaun á hverju bili sex samliggjandi launabila, það er frá 425 þúsundum króna til 725 þúsund króna.

Heildarlaun karla voru 651 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 628 þúsund krónur. Meðal kvenna voru heildarlaun 567 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 531 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru 39,8 að meðaltali hjá sérfræðingum, 39,9 hjá körlum og 39,6 hjá konum. Líkt og hjá stjórnendum eru fastlaunasamningar algengir í hópi sérfræðinga.

Mynd 9. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi sérfræðinga

Figure 9. Distribution of full-time professionals' total salaries




Regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Regluleg laun tækna voru 429 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010. Miðgildi reglulegra launa var 389 þúsund krónur. Fimmtungur tækna voru með regluleg laun á bilinu 275–325 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru 492 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 453 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 373 þúsund krónur og miðgildi 353 þúsund krónur. Launadreifing kynjanna var nokkuð ólík í þessari starfsstétt, en um 90% kvenna voru með regluleg laun undir 475 þúsund krónum á móti tæplega 60% karla.

Mynd 10. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi tækna

Figure 10. Distribution of full-time technicians' regular salaries




Heildarlaun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Heildarlaun tækna voru 478 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010 og miðgildi 429 þúsund. Dreifing heildarlauna hjá tæknum var nokkuð mikil miðað við aðrar stéttir og var fjórðungastuðull heildarlauna þeirra 2,2 sem er hærri stuðull en hjá öðrum stéttum að stjórnendum undanskildum. Þá voru 63% þeirra með heildarlaun undir meðaltali sem er herra hlutfall en hjá öðrum starfsstéttum.

Heildarlaun karla voru 560 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 504 þúsund krónur. Konur voru með 403 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 384 þúsund krónur. Greiddar stundir voru 40,4 að meðaltali á viku hjá tæknum, 41,3 hjá körlum og 39,7 hjá konum.

Mynd 11. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi tækna

Figure 11. Distribution of full-time technicians' total salaries




Regluleg laun skrifstofufólks

Regluleg laun voru 327 þúsund krónur að meðaltali á mánuði hjá skrifstofufólki árið 2010 og miðgildið var 310 þúsund krónur. Tæplega helmingur skrifstofufólks er með regluleg laun á bilinu 275–375 þúsund krónur og gildir það bæði um karla og konur.

Meðaltal reglulegra launa hjá körlum var 342 þúsund krónur og miðgildið 326 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 320 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 305 þúsund krónur. Á mynd 12 á næstu síðu má sjá dreifingu reglulegra launa skrifstofufólks.

Mynd 12. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi skrifstofufólks

Figure 12. Distribution of full-time clerks' regular salaries




Heildarlaun skrifstofufólks

Árið 2010 voru heildarlaun skrifstofufólks 358 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi var 338 þúsund krónur. Meirihluti skrifstofufólks eða $\frac{3}{4}$ hlutar hennar voru konur eins og sjá má á mynd 35 á blaðsíðu 26. Launadreifing stéttarinnar er frekar lítil og var fjórðungastuðull heildarlauna þeirra 1,9 sem er jafn fjórðungastuðli iðnaðarmanna sem samanstendur nánast eingöngu af karlmönnum.

Karlar voru að meðaltali með 384 þúsund krónur í heildarlaun og miðgildið 367 þúsund. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 347 þúsund krónur og miðgildið var 329 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku hjá skrifstofufólki voru 40,2. Hjá körlum voru greiddar stundir 41,3 að meðaltali og 39,8 hjá konum.

Mynd 13. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi skrifstofufólks

Figure 13. Distribution of full-time clerks' total salaries




Regluleg laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks

Regluleg laun afgreiðslufólks voru 315 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010 og miðgildið 299 þúsund krónur. Um 60% kvenna og 25% karla voru með regluleg laun lægri en 275 þúsund krónur.

Meðaltal reglulegra launa var 340 þúsund krónur hjá körlum og miðgildi 324 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 263 þúsund og miðgildið 254 þúsund krónur.

Mynd 14. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi afgreiðslufólks

Figure 14. Distribution of full-time service workers' regular salaries




Heildarlaun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks

Árið 2010 voru heildarlaun afgreiðslufólks að meðaltali 358 þúsund krónur á mánuði. Miðgildi heildarlauna þeirra var 342 þúsund krónur. Tæplega 70% kvenna voru með heildarlaun undir 325 þúsund krónum en 30% karla.

Karlur voru með 391 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 385 þúsund krónur. Samsvarandi tölur voru 301 þúsund krónur og 289 þúsund krónur hjá konum. Greiddar stundir voru 42,5, 42,7 hjá körlum og 42,0 hjá konum.

Mynd 15. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi afgreiðslufólks

Figure 15. Distribution of full-time service workers' total salaries




Regluleg laun iðnaðarmanna Regluleg laun iðnaðarmanna voru 352 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 328 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru 353 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi launa þeirra var 329 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa kvenna var 304 þúsund og miðgildi þeirra var 283 þúsund krónur. Þar sem fáar konur tilheyra starfsstéttinni er dreifing á launum kvenna ekki sýnd en laun kvenna vega inn í heildartölurnar.

Mynd 16. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi iðnaðarmanna

Figure 16. Distribution of full-time craft workers' regular salaries




Heildarlaun iðnaðarmanna Heildarlaun iðnaðarmanna voru að meðaltali 462 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 437 þúsund krónur.

Heildarlaun karla voru 464 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi þeirra var 438 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru 342 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 322 þúsund krónur. Meðalfjöldi greiddra stunda voru 44,8 á viku, 44,9 hjá körlum og 41,5 hjá konum.

Mynd 17. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi iðnaðarmanna

Figure 17. Distribution of full-time craft workers' total salaries




Regluleg laun verkamanna

Verkafólk var með lægstu reglulegu launin í samanburði við aðrar starfsstéttir. Meðaltal þeirra var 255 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 234 þúsund krónur.

Regluleg laun verkakarla voru 266 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 249 þúsund krónur. Regluleg laun verkakvenna voru 222 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið var 208 þúsund krónur.

Mynd 18. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi verkafólks

Figure 18. Distribution of full-time general workers' regular salaries


**Heildarlaun verkafólks**

Heildarlaun verkafólks voru 342 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010 og miðgildið 325 þúsund krónur.

Heildarlaun karla voru 362 þúsund krónur og miðgildið 344 þúsund krónur. Samsvarendi gildi fyrir konur voru 288 þúsund krónur og 274 þúsund krónur. Greiddar stundir voru 46,3 á viku að meðaltali, 46,8 hjá körlum og 44,7 hjá konum.

Mynd 19. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi verkafólks

Figure 19. Distribution of full-time general workers' total salaries



Hlutfall fullvinnandi launamanna undir meðaltali eftir starfsstétt

Í töflu á vef Hagstofunnar eru birtar upplýsingar um hlutfall fullvinnandi launamanna undir meðaltali eftir starfsstétt. Þar má sjá að 57–63% launamanna voru með regluleg laun undir meðaltali árið 2010. Hlutfallið var lægst hjá sérfræðingum og skrifstofufólki en hæst var hlutfallið hjá tæknum. Samsvarandi tölur fyrir heildarlaun voru 56–63%. Þar var hlutfallið lægst hjá sérfræðingum og afgreiðslufólki og hæst hjá tæknum.

Fjórðungastuðull eftir starfsstétt

Í töflu 2 má sjá fjórðungastuðul launa fullvinnandi launamanna fyrir árin 2009–2010. Fjórðungastuðullinn er reiknaður þannig að launasummu þeirra sem eru í efsta fjórðungi starfsstéttar er deilt með launasummu þeirra sem eru í neðsta fjórðungi starfsstéttar. Hæstur var fjórðungastuðull reglulegra launa árið 2010 hjá stjórnendum eða 3,1 og lægstur var hann hjá skrifstofufólki og iðnaðarmönnum 1,8. Þannig voru stjórnendur í efsta fjórðungi með rúmlega þrisvar sinnum hærri laun en stjórnendur í lægsta fjórðungi. Fjórðungastuðull heildarlauna var hæstur og lægstur hjá sömu stéttum og í tilfalli reglulegra launa.

Milli árana 2009 og 2010 hefur fjórðungastuðullinn staðið í stað eða lækkað lítillega í öllum starfsstéttum.

Tafla 2. Fjórðungastuðull fullvinnandi launamanna eftir starfsstétt

Table 2. *Quartile share ratio for full-time employees by occupational group*

	Regluleg laun <i>Regular salaries</i>	Regluleg heildarlaun <i>Total regular salaries</i>	Heildarlaun <i>Total salaries</i>
2009			
Alls <i>Total</i>	3,2	2,7	2,8
Stjórnendur <i>Managers</i>	3,1	3,0	3,2
Sérfræðingar <i>Professionals</i>	2,0	2,0	2,2
Tæknar <i>Technicians</i>	2,3	2,2	2,3
Skrifstofufólk <i>Clerks</i>	1,8	1,8	1,9
Afgreiðslufólk <i>Service workers</i>	2,2	2,1	2,1
Iðnaðarmenn <i>Craft workers</i>	1,8	1,6	1,9
Verkafólk <i>General workers</i>	1,9	1,7	2,1
2010			
Alls <i>Total</i>	3,1	2,6	2,7
Stjórnendur <i>Managers</i>	3,1	2,9	3,2
Sérfræðingar <i>Professionals</i>	2,0	2,0	2,1
Tæknar <i>Technicians</i>	2,3	2,2	2,2
Skrifstofufólk <i>Clerks</i>	1,8	1,8	1,9
Afgreiðslufólk <i>Service workers</i>	2,2	2,0	2,1
Iðnaðarmenn <i>Craft workers</i>	1,8	1,6	1,9
Verkafólk <i>General workers</i>	1,9	1,7	2,1

Laun fullvinnandi á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein

Laun hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum

Árið 2010 voru laun fullvinnandi launamanna hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Þar voru regluleg laun 495 þúsund krónur á mánuði að meðaltali, regluleg heildarlaun 508 þúsund krónur og heildarlaun 530 þúsund krónur. Regluleg laun voru lægst í iðnaði eða 349 þúsund krónur. Regluleg heildarlaun og heildarlaun voru aftur á móti lægst í verslun, 380 þúsund krónur og 399 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru flestar í iðnaði en þar voru greiddar stundir að jafnaði 45,6.


Vægi óreglulegra greiðslna eykst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Eins og sjá má á mynd 20 hefur samsetning launa breyst nokkuð frá árinu 2009. Þannig hefur vægi óreglulegra greiðslna dregist saman í fjármálaþjónustu en aukist í byggingarstarfsemi.

Á mynd 20 má sjá laun eftir atvinnugrein árin 2009 og 2010. Súlu er skipt í þrennt. Neðsti hlutinn sýnir regluleg laun og næsti hluti sýnir þá upphæð sem bætist við til að fá regluleg heildarlaun. Efsti hlutinn sýnir svo þann hluta sem bætist ofan á regluleg heildarlaun til að fá heildarlaun. Þannig sýnir súlan í heild sinni skiptingu heildarlauna í atvinnugreininni.

Mynd 20. Laun fullvinnandi launamanna eftir atvinnugrein

Figure 20. Salaries by economic activity for full-time employees



Skýringar Notes: Alls Total; (D) Iðnaður Manufacturing; (F) Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð Construction; (G) Verslun og viðgerðarþjónusta Wholesale and retail trade; repair; (I) Samgöngur og flutningar Transport, storage and communication; (J) Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar Financial intermediation.

Greiddar stundir standa í stað eða dragast lítillega saman

Eins og áður hefur komið fram er launum á almennum vinnumarkaði ekki ætlað að lýsa breytingum á launum miðað við fasta samsetningu úrtaksins en þó geta niðurstöður gefið ákveðnar vísbendingar um breytingar á launum og vinnutíma. Á milli árána 2009 og 2010 stóðu greiddar stundir nánast í stað í öllum atvinnugreinum, en smávægilegur samdráttur varð í samgöngum og fjármálaþjónustu.

Laun hækka í öllum atvinnugreinum

Regluleg laun hækkuðu í öllum atvinnugreinum frá fyrra ári. Þannig hækkuðu regluleg laun á bilinu 3–7%, minnst í byggingarstarfsemi og mest í verslun. Heildarlaun stóðu í stað í fjármálaþjónustu en hækkuðu um 3–7% í öðrum atvinnugreinum, mest í verslun.

Regluleg laun í iðnaði


Regluleg laun fullvinnandi launamanna í iðnaði árið 2010 voru 349 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi reglulegra launa 298 þúsund krónur. Á mynd 21 á næstu síðu má sjá að 32% kvenna í iðnaði voru með regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur en 17% karla voru með laun á sama bili.

Regluleg laun karla voru 366 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 310 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í iðnaði voru 304 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi reglulegra launa 254 þúsund.

Á mynd 21 má sjá dreifingu reglulegra launa í iðnaði árið 2010. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni og línurnar sýna dreifingu reglulegra launa karla annars vegar og kvenna hins vegar.

Mynd 21. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi í iðnaði

Figure 21. Distribution of full-timers' regular salaries in Manufacturing




Heildarlaun í iðnaði

Meðaltal heildarlauna í iðnaði árið 2010 var 435 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 397 þúsund krónur. Tæplega 60% launamanna í iðnaði voru með heildarlaun undir 425 þúsund krónum, um helmingur karla voru með heildarlaun undir þeim mörkum en 80% kvenna.

Heildarlaun karla voru 464 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 427 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna í iðnaði var 358 þúsund krónur hjá konum og miðgildi heildarlauna 328 þúsund. Greiddar stundir á viku voru að meðaltali 45,6 í iðnaði, 46,2 hjá körlum og 44,0 hjá konum.

Mynd 22. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi í iðnaði

Figure 22. Distribution of full-timers' total salaries in Manufacturing




Regluleg laun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Laun fullvinnandi launamanna í byggingarstarfsemi voru að meðaltali 380 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 312 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru 374 þúsund krónur og miðgildi þeirra var 306 þúsund krónur árið 2010. Samsvarandi tölur fyrir konur voru 443 þúsund krónur og 389 þúsund krónur. Þar sem fáar konur starfa í atvinnugreininni er launadreifing þeirra ekki birt en laun þeirra vega inn í heildartölurnar.

Mynd 23. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi í byggingarstarfsemi

Figure 23. Distribution of full-timers' total salaries in Construction




Heildarlaun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Heildarlaun í byggingarstarfsemi árið 2010 voru að meðaltali 475 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 437 þúsund krónur.

Heildarlaun karla voru 476 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi heildarlauna þeirra var 437 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru 472 þúsund krónur og miðgildið var 429 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru 44,9 að meðaltali, 45,1 hjá körlum og 41,6 hjá konum.

Mynd 24. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi í byggingarstarfsemi

Figure 24. Distribution of full-timers' total salaries in Construction




Regluleg laun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Í verslun voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 353 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 316 þúsund krónur. Helmingur kvenna var með regluleg laun undir 275 þúsund krónum á mánuði en 30% karla.

Regluleg laun karla voru að meðaltali 365 þúsund krónur og miðgildið 326 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 307 þúsund krónur á mánuði og miðgildi launa 277 þúsund krónur.

Mynd 25. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi í verslun

Figure 25. Distribution of full-timers' regular salaries in Wholesale and retail trade




Heildarlaun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Heildarlaun í verslun voru 399 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 358 þúsund krónur. Helmingur launamanna var með laun á bilinu 275–425 þúsund krónur.

Heildarlaun karla voru að meðaltali 419 þúsund krónur og miðgildið 379 þúsund krónur. Samsvarandi gildi fyrir konur voru 332 þúsund krónur og 306 þúsund krónur. Greiddar stundir voru 42,4, karlar voru með 42,8 stundir og konur 40,9.

Mynd 26. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi í verslun

Figure 26. Distribution of full-timers' total salaries in Wholesale and retail trade




Regluleg laun í samgöngum og flutningum

Í samgöngum voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 370 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010. Miðgildi reglulegra launa var 309 þúsund krónur. Tvo toppa er að finna í dreifingu á launum kvenna og eru ríflega fjórðungur kvenna í hvorum toppi. Annars vegar er um að ræða regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur og hins vegar laun á bilinu 275–325 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru 411 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 326 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í samgöngum voru 303 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 279 þúsund krónur.

Mynd 27. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi í samgöngum

Figure 27. Distribution of full-timers' regular salaries in Transport




Heildarlaun í samgöngum og flutningum

Heildarlaun í samgöngum voru 405 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2010 og miðgildið 345 þúsund krónur. Á mynd 28 á næstu síðu má sjá að ríflega 60% kvenna var með heildarlaun á bilinu 225–375 þúsund krónur en tæplega 40% karla voru með heildarlaun á sama bili.

Heildarlaun karla voru 462 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 399 þúsund krónur. Konur voru með 320 þúsund krónur að meðaltali í heildarlaun og miðgildið 301 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku í samgöngum voru 41,6 að meðaltali, 42,5 hjá körlum og 40,2 hjá konum.

Mynd 28. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi í samgöngum

Figure 28. Distribution of full-timers' total salaries in Transport




Regluleg laun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum

Í fjármálaþjónustu voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 495 þúsund krónur að meðaltali á mánuði. Miðgildi reglulegra launa var 436 þúsund krónur. Helmingur kvenna var með regluleg laun á bilinu 275–425 þúsund krónur en 16% karla voru með laun á því bili.

Meðaltal reglulegra launa karla var 635 þúsund krónur og miðgildið 603 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 419 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 377 þúsund krónur.

Mynd 29. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi í fjármálaþjónustu

Figure 29. Distribution of full-timers' regular salaries in Financial intermediation



Heildarlaun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum


Heildarlaun voru 530 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í fjármálaþjónustu árið 2010. Miðgildi heildarlauna var 463 þúsund krónur. Dreifingu heildarlauna í atvinnugreininni má sjá á mynd 30 á næstu síðu.

Meðaltal heildarlauna karla var 677 þúsund krónur og miðgildið 623 þúsund krónur og lækkuðu þau um 6% frá fyrra ári. Ef hópar karla og kvenna eftir atvinnu-

greinum og starfsstéttum er skoðaður er þetta eini hópurinn sem lækkar í launum á milli ára. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 451 þúsund krónur og miðgildið 404 þúsund krónur. Vikulegar greiddar stundir voru 39,6 að meðaltali, 39,3 hjá körlum og 39,7 hjá konum. Hafa ber í huga að í þessari atvinnugrein eru svokallaðir fastlaunasamningar algengir. Þeir fela í sér að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Þetta hefur í för með sér að raunverulegur vinnutími er ekki skráður og því geta vinnustundir verið vanmetnar hjá þessum hópi.

Mynd 30. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi í fjármálaþjónustu

Figure 30. Distribution of full-timers' total salaries in Financial intermediation



Hlutfall fullvinnandi launamanna undir meðaltali eftir atvinnugrein

Hlutfall fullvinnandi launamanna með regluleg laun undir meðaltali árið 2010 var á bilinu 61–68%. Lægst var hlutfallið fjármálaþjónustu en hæst var það í byggingarstarfsemi. Þegar litið er til heildarlauna voru 59–65% fullvinnandi launamanna með heildarlaun undir meðaltali. Lægst var hlutfallið í byggingarstarfsemi en hæst í samgöngum. Þessar upplýsingar eru birtar í töflu á vefsíðu Hagstofunnar.

Fjórðungastuðull eftir atvinnugrein

Í töflu 3 á næstu síðu má sjá fjórðungastuðul launa fullvinnandi launamanna fyrir árin 2009 og 2010. Fjórðungastuðullinn er reiknaður þannig að launasummu þeirra sem eru í efsta fjórðungi atvinnugreinar er deilt með launasummu þeirra sem eru í neðsta fjórðungi atvinnugreinar. Hæstur var fjórðungastuðull reglulegra launa árið 2010 í samgöngum eða 3,1 og lægstur var hann í verslun eða 2,7. Þannig voru launamenn í efsta fjórðungi samgangna með ríflega þrisvar sinnum hærra laun en launamenn í neðsta fjórðungi. Fjórðungastuðull heildarlauna var einnig hæstur í samgöngum eða 3,1 en lægstur í byggingarstarfsemi 2,3.

Fjórðungastuðullinn stóð í stað eða lækkaði í öllum atvinnugreinum frá árinu 2009. Mest var lækkunin í byggingarstarfsemi þegar litið er til reglulegra launa en þar lækkaði hann úr 3,3 í 3,0. Þegar litið er til heildarlauna var lækkunin mest í fjármálaþjónustu en þar fór fjórðungastuðullinn úr 3,1 í 2,8.

Tafla 3. Fjórðungastuðull fullvinnandi launamanna eftir atvinnugrein
 Table 3. Quartile share ratio for full-time employees by economic activity

	Regluleg laun <i>Regular salaries</i>	Regluleg heildarlaun <i>Total regular salaries</i>	Heildarlaun <i>Total salaries</i>
2009			
Alls <i>Total</i>	3,2	2,7	2,8
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	3,0	2,3	2,6
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	3,3	2,4	2,4
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	2,7	2,4	2,5
Samgöngur <i>Transport</i>	3,2	3,0	3,1
Fjármálaþjónusta <i>Financial interm.</i>	3,0	2,9	3,1
2010			
Alls <i>Total</i>	3,1	2,6	2,7
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	2,9	2,3	2,6
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	3,0	2,3	2,3
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	2,7	2,3	2,5
Samgöngur <i>Transport</i>	3,1	3,0	3,1
Fjármálaþjónusta <i>Financial interm.</i>	2,9	2,8	2,8

Samsetning gagnasafnsins

Umfang Niðurstöður um laun á almennum vinnumarkaði byggja á gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands. Niðurstöðurnar ná til eftirfarandi atvinnugreina á almennum vinnumarkaði samkvæmt ÍSAT95 flokkunarkerfinu; iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F), verslunar og ýmissar viðgerðarþjónustu (G), samgangna og flutninga (I) og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga (J). Niðurstöðurnar byggja á launum tæplega 30 þúsund karla og kvenna, 18 ára og eldri, í þessum atvinnugreinum.


Samsetning Samsetningu gagnasafnsins er ekki haldið fastri á milli ára og því getur breyting á launum milli tímabila endurspeglad allt í senn breytingu launa á tímabilinu, breytta samsetningu launa eða vinnutíma og breytingar á samsetningu vinnumarkaðar. Þá ber að hafa í huga að breyting á launum á milli tímabila geur einnig stafað af breyttri samsetningu gagnasafnsins þar sem úrtak launarannsóknarinnar er stöðugt að stækka og gæði þess að batna. Umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins á undanförunum árum má finna í eldri Hagtíðindum um laun á almennum vinnumarkaði.

Vogir Þar sem launarannsókn Hagstofu Íslands er úrtaksrannsókn geta launamenn haft mismunandi vægi í gagnasafninu. Við útreikninga á launum á almennum vinnumarkaði eru notaðar tvenns konar vogir. Í fyrsta lagi er vog sem tekur mið af vægi úrtaks af heildarlaunasummu atvinnugreinar samkvæmt staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Í öðru lagi er notuð vog sem tekur tillit til fjölda mánaða sem launamaður vinnur á árinu. Umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins, sem fer hér á eftir, tekur mið af veginni samsetningu.

Karlar og konur Í þeim atvinnugreinum sem þessar niðurstöður ná til eru fleiri karlar en konur. Karlar vege 62% í gagnasafninu og er það prósentustigi minna en á síðasta ári.

Mynd 31. Samsetning gagnasafns eftir kyni

Figure 31. Sample structure by sex




Fullvinnandi og hlutastarfsfólk

